



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 2. desember 2019

RMF19110004

3.7.0

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur  
101 REYKJAVÍK

***Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um yfirlit yfir skipulagða menningarstarfsemi sem nær gjaldfrjálst til barna og ungmenna - R19110063***

Þann 7. nóvember sl. lagði áheyrnarfulltrúi Sósíalistasflokks Íslands í borgarráði í fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir yfirliti um alla þá skipulagða menningarstarfsemi sem nær gjaldfrjálst til barna og ungmenna í gegnum leik- og grunnskólaferðir borgarinnar á starfstöðvar menningar- og ferðamálasviðs, líkt og á söfn borgarinnar.

Ef hægt er þá er óskað eftir upplýsingum frá árinu 2018 og það sem af er árið 2019. Þá er einnig óskað eftir upplýsingum um hvort að börn og ungmenni þurfi sjálf að koma sér á staðinn eða hvort að skólarnir komi nemendum til og frá starfstöðvum menningar- og ferðamálasviðs?

Þurfa nemendur að mæta með nesti eða fá þeir mat á staðnum ef heimsóknirnar á staðina eru langir?

Hjálagt er svar menningar- og ferðamálasviðs við fyrirspurninni.

Arna Schram

sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Svar við fyrirspurn um yfirlit yfir skipulagða menningarstarfsemi sem nær gjaldfrjálst til barna og ungmenna dags. 26. nóvember 2019



## FRÆÐSLA FYRIR BÖRN Á STOFNUNUM MENNINGAR- OG FERÐAMÁLASVIÐS

Svar við fyrirspurn Sósíalistasflokksins

BORGARRÁÐ 7. nóvember 2019:  
Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa  
Sósíalistasflokks Íslands um yfirlit yfir  
skipulagða menningarstarfsemi sem  
nær gjaldfrjálst til barna og  
ungmenna - R19110063

Óskað er eftir yfirliti um alla þá  
skipulagða menningarstarfsemi sem  
nær gjaldfrjálst til barna og  
ungmenna í gegnum leik- og  
grunnskólaferðir borgarinnar á  
starfstöðvar menningar- og  
ferðamálasviðs, líkt og á söfn  
borgarinnar.

Ef hægt er þá er óskað eftir  
upplýsingum frá árinu 2018 og það  
sem af er árið 2019. Þá er einnig  
óskað eftir upplýsingum um hvort að  
börn og ungmenni þurfi sjálf að koma  
sér á staðinn eða hvort að skólarnir  
komi nemendum til og frá  
starfstöðvum menningar- og  
ferðamálasviðs?

Þurfa nemendur að mæta með nesti  
eða fá þeir mat á staðnum ef  
heimsóknirnar á staðina eru langir?

26. nóvember 2019

*Harpa Rut Hilmarisdóttir,  
verkefnastjóri barnamenningar*

*Sif Gunnarsdóttir,  
skrifstofustjóri menningarmála*

# Yfirlit yfir alla skipulagða gjaldfrjálsa menningarstarfsemi fyrir börn og unglinga á menningarstofnunum MOFs árið 2018 og 2019

## Borgarbókasafnið – Menningarhús

Borgarbókasafnið (BBS) starfar samkvæmt bókasafnalögum nr 150/2012 og rekur sex starfsstaði í Grófinni, Gerðubergi, Kringlunni, Spönginni, Sólheimum og Árbæ. Einnig bókabílinn Höfðingja og sögubílinn Æringja. Vefsíða fræðslustarfs Borgarbókasafns er: [borgarbokasafn.is/fraedsla](http://borgarbokasafn.is/fraedsla)

Það er mikið um fræðslutilboð í öllum söfnum Borgarbókasafns og skólar og/eða leikskólar sækja þannig tilboð í því safni sem er næst þeim, sem þýðir að í mörgum tilfellum geta börn komið gangandi, en annars er tekinn strætó ef næsta bókasafn er ekki í göngufjarlægð.

Börn/kennarar koma með nesti ef heimsóknin á safninu nær yfir nestistíma. Fyrir leikskólabörnin eru kennararnir oft með ávaxtabita sem börnin gæða sér á áður en þau leggja af stað heim. Grunnskólabörnin koma með nestið sitt sem þau koma með í skólann ef heimsóknin er á þeim tíma sem þau eru vön að snæða nestið sitt.

Hér fyrir neðan er nánari upptalning á tilboðum BBS, en um sömu tilboð er að ræða 2018 og 2019.

### Leikskólar

- Sögubílinn Æringi - fyrir leikskóla og yngstu börn grunnskóla – Æringi heimsækir skólana,
- Sögustundir Sleipnis fyrir leikskóla og yngstu börn grunnskóla – Sleipnir er í öllum 6 söfnum Borgarbókasafns.

### Grunnskólar

- Bókasafnsráðgátan, safnkynning fyrir 4. bekk – tilboð í öllum 6 söfnum
- Bókasnakk - kynning á barnabókum og sumarlestri Borgarbókasafns að vori fyrir 3.-7. bekk – tilboð í öllum 6 söfnum
- Tilraunaverkstæðið í Gerðubergi - kynning fyrir skólahópa – BBS býður rútuferðir
- Leiðsagnir um sýningar - Þetta vilja börnin sjá í Gerðubergi (4. bekkur) – BBS býður rútuferðir
- Krakkanám | Heimanámsaðstoð í Gerðubergi, Kringlunni, Spönginni og Árbæ.
- Safnfræðsla fyrir 13 ára og eldri – tilboð í öllum 6 söfnum
- Menningarmót | Fljúgandi teppi – verkefnið fer fram í skólum sem óska eftir því
- Leiðsagnir um myndasögudeildina í Grófinni fyrir 8.-10. bekk – BBS býður rútuferðir
- Unglingaupplestur - upplestur á nýjum bókum fyrir jóla - fyrir 8.-10. bekk – BBS býður rútuferðir
- Leiðsagnir um sýningar - Njálusýningin í Grófinni fyrir menntaskólanema

# Borgarsögusafn

Borgarsögusafn starfar samkvæmt lögum um starfsemi safna og menningarminjar og stuðlar að varðveislu menningarminja í Reykjavík með þeim hætti að borgarbúar hafi sem bestan aðgang að menningararfi borgarinnar.

Borgarsögusafn er með dagskrá skipulagða eftir skólaári og sum tilboð eru í boði á hverju ári en þó með örlítið breyttu sniði. Sum tilboð eru tímabundnari og eru bundin við ákveðnar sýningar, en einnig ræður bæði eftirspurn og mannaflí framboði af tilboðum. Aðgangur er ókeypis fyrir hópa á öllum skólastigum en bóka þarf heimsóknir með smá fyrirvara. Núverandi fræðslubækling Borgarsögusafns má sjá hér: <http://www.borgarsogusafn.is/is/borgarsogusafn/safnfraedsla/skolahopar> og framboð eftir skólastigum hér: <http://www.borgarsogusafn.is/is/safnfraedsla>

Hópar nýta sér mest strætó eða ganga, en þiggja rútur þegar þær eru í boði en rútutilboðin miðast yfirleitt við ákveðin tilboð.

Algengt er að börn/kennarar komi með nesti með sér í heimsóknir, sérstaklega á Árbæjarsafn og í Viðey.

Hér fyrir neðan eru öll skipulögð fræðslutilboð frá skólaárinu 2017-2018 fram til dagsins í dag. Tekið er fram sérstaklega ef Borgarsögusafn býður upp á rútuferð. Samandregið eru þetta 7 tilboð fyrir leikskóla (þar af eitt rútutilboð), 19 tilboð fyrir grunnskóla (þar af þrjú rútutilboð) og 6 tilboð fyrir frístundastarf (ekkert rútutilboð). Rútunotkun Borgarsögusafns er mest nýtt í nóv. og des. fyrir jólaheimsóknir í Árbæjarsafn, en löng hefð er fyrir þeim heimsóknum.

## Árbæjarsafn – sveitasæla í miðri borg

**Komdu að leika!** fyrir 4–6 ára.

Hvað eiga leggur, skel og Baby-born dúkka sameiginlegt? Kynning á sögu leikfanga á tuttugustu öldinni og frjáls leiktími á stöðvum frá mismunandi tímum – allt frá árinu 1900 fram til okkar daga.

**Senn koma jólin** - elsti árgangur leikskóla (lok nóv. til jóla)

Hvernig voru jólin hjá krökkum í gamla daga? Íslensku jólasveinarnir og jólahald fyrr á árum er í brennidepli í desemberheimsókn. Borgarsögusafn býður rútuferðir

**Aðfangadagskvöld 1959** - fyrir 5. – 7. bekk grunnskóla (lok nóv. til jóla)

Hugguleg jólaheimsókn þar sem við ræðum um jólahald og jólahefðir fyrir rúmri hálfri öld. Við skreytum jólatréð og tökum upp jólapakka eins og árið væri 1959. Borgarsögusafn býður rútuferðir.

**Að þreyja þorrann** - fyrir 1.–2. bekk grunnskóla

Notaleg stund í fræðsluhúsi Árbæjarsafns þar sem við ræðum um þorramat og einkenni hans. Við skoðum hluti sem tengjast matargerð í gamla daga og ræðum hvernig var að upplifa vetrarkulda og myrkur fyrir tíma rafmagns og nútímaþæginda.

**Kíkt í Koffortið** – fyrir 1.–2. bekk (bætt inn 2018)

Nemendum er boðið að skoða opna safngeymslu sem kallast Koffortið og uppgötva þar safngripi (gamla muni) og læra um þá í gegnum leik með aðstoð safnkennara.

**Verk að vinna** – fyrir 3.–4. bekk

Heimsóknin er hugsuð sem vettvangsferð í tengslum við námsefnið *Komdu og skoðaðu íslenska*

*Þjóðhætti* til að kynna lífinu í gamla bændasamfélaginu og sjávarþorpinu Reykjavík. Nemendur fá að vinna verk inni eða úti eftir árstíma eins og að kemma ull, sópa, finna eldivið eða bera vatn.

### **Hjúkrunarverk að vinna – fyrir 3.–4. bekk**

Í tengslum við sýninguna *Hjúkrun í 100 ár* fá nemendur að kynna starfi hjúkrunarfræðinga, sögu starfsins og þróun. Hjúkrunarþúningar eru skoðaðir, hlutverki hjúkrunarfræðinga í fortíð, nútíð og framtíð velt fyrir sér og ýmis hjúkrunarverk prófuð.

### **Neyzluhættir – fyrir 7.–10. bekk - rútutilboð!**

Sýningin *NeyZlan* varpar ljósi á örar breytingar á neysluháttum á 20. öld. Markmið heimsóknarinnar er að beina sjónum að eigin neyslu, sóun og áhrifum mannsins á umhverfið. Nemendur vinna hópverkefni sem eflir skapandi og gagnrýna hugsun í afslöppuðu umhverfi. Borgarsögusafn býður rútufurðir.

### **Konur og hjáverkin - fyrir 8.–10. bekk (laug 2019)**

Af hverju völdu konur að verða smásagnahöfundar, grasalæknar og tungumálakennarar í hjáverkum? Verkefnið felst í því að setja sig í spor kvenna og kynna þeirra fjölbreyttu störfum á árunum 1900–1970 ásamt því að finna muni sem passa við störfin á sýningunni *Hjáverkin*. Borgarsögusafn býður rútufurðir.

### **HEIMAt, – tveir heimar - fyrir 8.–10. (tímabundið tilboð haustið 2019)**

Árið 1949 kom stór hópur þýskra kvenna til Íslands til að vinna á sveitabæjum. Á sýningunni eru ljósmyndir eftir Marzenu Skubatz þar sem saga og minningar núlifandi kvenna úr þessum hópi er í aðalhlutverki. Sýningin minnir á að alla daga er og hefur fólk verið að flytjast á milli landa í heiminum vegna óviðunandi aðstæðna. Borgarsögusafn býður rútufurðir.

### **Tilboð fyrir öll skólastig**

#### **LÍKN – fjölnota fræðsluhús fyrir námskeið og nemendasýningar (breyting 2018)**

Í fræðsluhúsinu Líkn er aðstaða fyrir ýmis námskeið og nemendasýningar í samstarfi við skóla og aðra aðila sem tengjast starfsemi safnsins.

#### **Saga ljósmyndunar (viðbót 2019)**

Á neðri hæð hússins er sýning um sögu ljósmyndunar bæði í alþjóðlegu og íslensku samhengi og fjallað um helstu þætti og atburði sem ollu straumhvörfum í henni. Markmiðið með sýningunni er að varpa ljósi á það að ljósmyndun varð ekki til á einni nóttu heldur kom fram sem ávöxtur árhundruðalangra tilrauna á sviði vísinda og lista.

#### **Frístundastarf - Leikjafjör**

Boðið er upp á fræðandi leiki fyrir frístundahópa sem vilja njóta útiveru í einstöku umhverfi. Leikirnir eru þrír og henta mismunandi aldri: Litir og form fyrir 5-9 ára; Fötturnar hans Friðriks fyrir 1.-7. bekk og Lífið án farsíma fyrir 5.-7. bekk. Einnig er hægt að aðlaga leikina fyrir ungt fólk og fullorðna.

### **Landnámssýningin – fyrsta fólkið á Íslandi**

#### **Komdu og skoðuðu landnámsdýrin – fyrir elsta árgangur leikskóla (óbreytt frá 2017)**

Fyrsta fólkið sem settist að á Íslandi kom með ýmislegt með sér frá útlöndum, þar á meðal húsdýr. Í heimsókninni er rætt um þessi húsdýr og hvernig hugsað var um þau? Nemendum verða einnig kenndir leikir er tengdust dýrunum.

### **Lífið á landnámsöld - fyrir 1.–3. bekk [óbreytt frá 2017]**

Hvað vitum við um líf og störf fólks á landnámsöld? Landnám Reykjavíkur og Íslands er skoðað út frá fornleifum sem hafa fundist m.a. verkfærum, skrautmunum, matarafgöngum og heilum húsum. Þannig fáum við betri skilning á lífinu fyrir 1000 árum.

### **Siglum til Íslands - fyrir 4.–6. bekk**

Á landnámsöld fluttist norrænt fólk til Íslands og settist hér að. Flutningurinn yfir hafið var hvorki auðveldur né áhættulaus. Í heimsókninni verður fjallað um undirbúning og framkvæmd Íslandsfararinnar.

### **Hvaðan komu Íslendingar? fyrir 8.–10. bekk**

Skv. rannsóknnum var Ísland upphaflega land innflytjenda. En hvaðan kom landnámsfólkið? Voru þetta allt heiðnir Norðmenn eða kom fólkið frá ólíkum menningarheimum? Í heimsókninni verður rætt um menningu, trú, þrælahald og viðhorf á Víkingaöld.

### **Sagan grafinn upp – fyrir 5.–7. bekk (í hvíld haustið 2019)**

Hvernig er hægt að þekkja gamla gripi og hvað segja þeir um fortíðina? Litið er inn í spennandi heim fornleifafræði og hvað gerist þegar sagan er grafinn upp. Í heimsókninni er unnið með forna gripi og verkefnahefti til að kynnast rannsóknaraðferðum fornleifafræðinga.

### **Frístundastarf - Leikir í kvosinni**

Fræðumst um leiki í gamla daga og prófum! Hvernig lék fólk sér á nítjándu öld? Standast leikirnir tímans tönn? Safnkennari tekur á móti hópnum utandyra, en leiksvæðið er miðbærinn, ýmsir vellir, garðar og torg. Athugið að þessi dagskrá krefst virkrar þátttöku og er háð veðri.

### **Ljósmyndasafn Reykjavíkur – myndlæsi í fókus**

Margbreytilegar sýningar safnsins fela í sér ótal tækifæri til fræðslu, sérstaklega í ljósi mikilvægi myndlesturs í sífelld sjónrænni heimi.

### **Hvað er sýning? Fyrir elsta árgang leikskóla**

Við lesum í myndir og spjöllum um hvernig sýning er búin til á safni. Við skoðum einnig hvernig ljósmyndasýning er frábrugðin öðrum sýningum t.d. uppröðun út frá formum og fjölda mynda. Upplagt sem fyrsta heimsókn á safn.

### **Hvernig lesum við í myndir? Fyrir 1.–10. bekk**

Umfjöllunarefni heimsóknarinnar fer eftir sýningu hverju sinni með áherslu á myndlestur, túlkun og staðreyndir. Veltum fyrir okkur spurningum eins og: Höfðar myndin til mín? Hvaða tilfinningar kallar hún fram? Hefur myndin heimildargildi? Gefur hún okkur vísbendingar um raunveruleikann?

### **Geta minningar verið falskar? Fyrir 8.–10. bekk (16. sept. 2017 – 14. jan. 2018)**

Jack Latham: *Mál 214*. Sýningin *Mál 214* er unnin í tengslum við Guðmundar- og Geirfinnsmálið, eitt umdeildasta sakamál á Íslandi, sem tilraun til að fjalla um falskar minningar. Ljósmyndarinn Jack Latham vann verkefnið í samvinnu við aðila sem tengjast málinu s.s. eftirlifandi sakborninga, uppljóstrara, höfunda samsæriskenninga og sérfræðinga. Sýningin er kjörið tækifæri til að kynnast málinu og hvernig ljósmyndari nálgast flókið og viðkvæmt viðfangsefni.

### **Fortíð og ljósmyndir í fókus - fyrir 8.–10. bekk**

Nemendur fá að kynnast starfsemi safnsins, varðveislu og gildi ljósmynda. Safnkostur Ljósmyndasafnsins telur um 6 milljónir mynda frá 1860 til 2014. Heimsókninni fylgir samanburðarverkefni sem nemendur geta unnið að heimsókn lokinni í miðbæ Reykjavíkur og kannað hvað hefur breyst í áranna rás.

## **Frístundastarf - Orð og mynd**

Léttur leikur sem felst í því að skoða ljósmyndir og tengja orð eða hugtök við þær. Við rýnum í viðfangsefni myndanna og sjáum hvert myndlesturinn leiðir okkur. Einnig er hægt að aðlaga fræðsluna fyrir ungt fólk og fullorðna.

## **Ljósmyndir af íslenskri náttúru Hvað er birtingarmynd? Hentar öllum aldri (janúar til maí 2018)**

Náttúran hefur frá upphafi verið áberandi í íslenskri ljósmyndun. Á þessari sýningu má sjá hvernig hún birtist í verkum fimm samtímaljósmyndara á ólíkan hátt. Nálgun þeirra við viðfangsefnið er afar ólík og hvert þeirra fer sína persónulegu leið.

## **Olaf Otto Becker: Ís og land – Ljósmyndir frá Íslandi og Grænlandi 1999–2017**

hentar öllum aldri - 12. maí – 16. sept. 2018

Ægifagrar landslagsljósmyndir Olafs Ottos Becker fjalla um umskipti í náttúrunni sem orsakast af loftslagsbreytingum og öðrum áhrifum af mannavöldum.

## **Herdís og Guðbjartur: Myndir úr safneign og fjölskyldutengsl - hentar öllum aldri**

22. sept. 2018 – 13. jan. 2019

Hjónin Guðbjartur Ásgeirsson og Herdís Guðmundsdóttir störfuðu bæði sem ljósmyndarar og safnið varðveitir fjölda mynda eftir þau. Afkomendur þeirra hafa einnig lagt fyrir sig ljósmyndun t.d., Magnús Hjörleifsson og börn hans Ari og Silja Magg og Ólafur Elíasson myndlistarmaður. Sýningin samanstendur af ljósmyndum þeirra.

## **Páll Stefánsson: Einkasýning - hentar öllum aldri 19. jan. – 12. maí 2019**

Myndir í tengslum við nýjar ljósmyndabækur með verkum Páls, annars vegar bókin *Einhvers staðar á Íslandi* og hinsvegar ljósmyndir af flóttamönnum víða um veröld.

## **Kristjón Haraldsson – Íslensk kjötsúpa; 18.05.2019 – 08.09.2019**

Á sýningunni eru ljósmyndir sem teknar voru fyrir auglýsingar á áttunda áratugnum auk persónulegri mynda af daglegu lífi í Reykjavík. Allar myndirnar voru teknar af Kristjóni Haraldssyni (1945–2011) sem var vel þekktur fyrir tískuljósmyndir sínar, myndir á plötuumslögum og auglýsingaljósmyndir.

## **Encounters – Nordic Photography Beyond Borders 14.09.2019 – 13.01.2020**

Sýningin er útkoma samvinnu fimm sýningarstjóra og jafnmargra ljósmyndara/listamanna frá Norðurlöndunum. Hún snertir á málum sem eru ofarlega á baugi í samfélagslegri umræðu í dag; fólksflutningar, menningartengsl og staðbundnar/hnattrænar breytingar.

## **Sjóminjasafnið í Reykjavík – hafsjór af fróðleik**

### **Fagur fiskur í sjó – fyrir 4–6 ára**

Lærum um fiska í sjónum, stóra sem smáa. Beitem skapandi nálgun til að skoða sýninguna *Fiskur & fólk* og nýtum margmiðlun og leiki til þess að læra. Í heimsókninni eru börnin hvött til að taka virkan þátt með samtali og spurningum.

### **Skipið sem sökk! Fyrir elsta árgang leikskóla**

Hollenska skipið *Mjaltastúlkan* sökk við Flatey á Breiðafirði árið 1659. Við skoðum gripi úr skipinu sem fornleifafræðingar fundu á hafsbotni og kynnumst aðferðum fornleifafræðinnar á virkan hátt.

### **Alvöru varðskip! Fyrir elsta árgang leikskóla og 1. – 4. bekk grunnskóla.**

Könnunarleiðangur um varðskipið Óðinn þar sem við spjöllum um margþætta starfsemi skipsins, sögu og öryggi á sjó. Leikskólanemar klæðast björgunarvestum áður en haldið er út í varðskipið.

### **Komdu og skoðaðu hafið!** Fyrir 1.–4. bekk

Sýningin Fiskur & fólk er skoðuð og rætt um lífríki sjávar, mismunandi báta og skip ásamt störfum í fiskvinnslu. Heimsóknin tengist námsefninu *Komdu og skoðaðu hafið* sem er aðlagð sýningunni.

### **Skipið sem sökk!** Fyrir 1.–3. bekk

Hollenska skipið *Mjaltastúlkan* sökk við Flatey á Breiðafirði árið 1659. Við skoðum gripi úr skipinu sem fornleifafræðingar fundu á hafsbotni og kynnumst aðferðum fornleifafræðinnar á virkan hátt.

### **Átök um þorskin: hlutverkaleikur - fyrir 4.–6. bekk og 5.- 7. bekk**

Æsispennandi hlutverkaleikur um borð í varðskipinu Óðni þar sem nemendur og kennarartaka að sér hlutverk áhafnar á varðskipi. Handrit byggir á raunverulegum atburðum úr þorskastríðunum. Áhersla er lögð á samvinnu og hverju hlutverki fylgir búningur og starfslýsing. Safnkennari leiðir leikinn og ítarefni fylgir. Borgarsögusafn býður rútuferðir.

### **Þúsund þorskar á færibandí – fyrir 5.–7. bekk**

Nemendur setja sig í spor starfsfólks í fiskvinnslu Bæjarútgerðar Reykjavíkur sem áður var staðsett í safnhúsinu. Á sýningunni Fiskur & fólk er aflanum fylgt frá miðum í maga og skoðað hvernig hann er unninn.

### **Hvað er svona merkilegt við fiskveiðar?** fyrir 8.–10. bekk

Sýningin Fiskur & fólk er skoðuð út frá áhrifum veiða á umhverfið. Nemendur vinna í hópum, beita sjálfstæðum vinnubrögðum og rýna í veiðiaðferðir fyrr og nú.

### **Kafað eftir fornleifum – fyrir 5.–10. bekk**

Hollenska skipið *Mjaltastúlkan* sökk fyrir rúmum 350 árum síðan. Á sýningunni *Melckmeyt 1659 – fornleifarannsókn neðansjávar* skoðum við gripi úr skipinu sem fundust á hafsbotni og kynnumst aðferðum fornleifafræðinnar á virkan hátt með aðstoð sýndarveruleika.

### **Til hvers eru varðskip?** – fyrir 8.–10. bekk

Gengið saman um varðskipið Óðin, fjallað um hlutverk þess, sögu og þátttöku Íslands í þorskastríðunum. Fjallað ítarlega um hlutverk Óðins í deilunum sem og almenna sögu skipsins.

### **Frístundastarf - Fiskur og fjör**

Stuttur og léttur leiðangur um sýninguna Fiskur & fólk þar sem leiðbeinendur og krakkar vinna saman í hópum við að leysa þrautir. Í lok heimsóknar er upplagt að skoða hafnarsvæðið í Reykjavík með hjálp smáforritsins Minjaslóð.

### **Viðey – saga, náttúra og list**

Viðey er safn og náttúruparadís sem býður upp á ótal möguleika til fræðslu. Í Viðey eru mörg útivistarsvæði, mikilvæg saga, fjörur, fuglalíf og listaverk. Viðey er friðlýst svæði og hluti af heimsókninni er að læra að bera virðingu fyrir náttúrunni og gæta fyllsta öryggis.

### **Aðstaða fyrir skóla- og frístundahópa**

Nestisaðstaða er á þremur mismunandi stöðum í Viðey: „Hesthúsið“; Skólahús og Viðeyjarnaust. Á öllum stöðunum er kolagrill en hópar þurfa að koma með sín eigin kol og mat. Gasgrill standa ekki til boða. Einnig er ágæt salernisaðstaða á þessum stöðum.

„Hesthúsið“ er ný aðstaða og leiksvæði sem er á bakvið Viðeyjarstofu og því mjög miðsvæðis.

Í Skólahúsinu, gamla skólanum sem var hluti af þorpinu í eyinni 1904–1914, er rúmgóð aðstaða fyrir hópa upplögð til verkefnavinnu eða sem nestisaðstaða sérstaklega ef veður er vont.



Viðeyjarnaust er einfaldur skáli sem er nálægt Friðarsúlunni.

### **Fyrir leikskóla**

Heimsókn í Viðey er sterk upplifun sem auðveldlega má tengja við náttúrufræði, sköpun og lífsleikni. Þar eru ótal möguleikar til útikennslu og reynslunáms. Við mælum með náttúruskoðun og fjöruferðum.

### **Fræðsluspjöld fyrir leikskóla, 4 – 6 ára**

Við komuna í Viðey er hægt að fá lánuð fræðsluspjöld til innblástur og stuðnings við heimsóknina til eyjarinnar. Á spjöldunum eru upplýsingar og spurningar sem leiða hópinn áfram í könnun sinni á umhverfinu. Kennarar geta valið að nota eitt eða fleiri spjöld, eftir því sem hentar best.

### **Fyrir grunnskóla**

Saga Viðeyjar og náttúra skapa ríkulegan jarðveg til fræðslu í ólíkum námsgreinum og það er von okkar að heimsóknir í Viðey nýtist sem stuðningur við skólastarf. Fyrir heimsókn er hægt að bóka kynningu á því sem eyjan hefur upp á að bjóða.

Viðey er tilvalinn staður til útikennslu í samfélagsfræði þar sem saga hennar er samofin sögu Reykjavíkur, þéttbýlismyndun á Íslandi og atvinnusögu borgarinnar.

Viðey er kjörinn staður til að fræðast um sérstöðu íslenskrar náttúru. Þar er mikið fuglalíf. Viðey má nýta sem vettvang reynslunáms til að kynnst fjölbreyttu lífi í fjörum, sjávarföllum o.fl.

Listaverkin í Viðey, Friðarsúla Yoko Ono og *Áfangar* eftir Richard Serra voru sérstaklega unnin út frá staðsetningu sinni í eyjunni. Þau hvetja til að staldra við og horfa gaumgæfilega á umhverfið í kring. Heimsókn í eyjuna má auðveldlega nýta sem innblástur til sköpunar.

### **Fræðsluspjöld fyrir miðstig grunnskóla**

Við komuna í Viðey er hægt að nálgast fræðsluspjöld fyrir miðstig. Á spjöldunum eru upplýsingar um Viðey og tillögur að stöðum til að skoða í heimsókn með skólahóp. Umfjöllunarefni spjaldanna eru þrjú: saga, náttúra og list í Viðey. Kennarar geta svo valið að nota eitt eða fleiri spjöld, eftir því sem hentar best. Hópar á öðrum skólastigum rannsaka og upplifa ævintýraeyjuna á eigin vegum.

### **Frístundastarf**

Viðey er frábær staður til að njóta útiveru í einstöku umhverfi. Þar er upplagt að fara í eflandi hópleiki og rannsóknaleiðangra. Við mælum með dagsferð með nesti og skapandi dagskrá t.d. með notkun myndavéla til að skrásetja það sem fyrir augu ber.

# Listasafn Reykjavíkur

Listasafn Reykjavíkur varðveitir listaverkageign Reykjavíkurborgar. Hún samanstendur af sérsöfnum listaverka eftir Ásmund Sveinsson, Erró og Jóhannes S. Kjarval auk listaverka sem endurspeglar strauma og stefnur í íslenskri myndlist einkum frá síðari hluta 20. aldar og til dagsins í dag.

Listasafn Reykjavíkur hefur boðið eftirfarandi tilboð en í eftirtöldum heimsóknum er boðið upp á leiðsögn með sérútbúnu verkefni.

- 4. bekkjum ókeypiss rútur til og frá skóla á Ásmundarsafn,
- 5. bekk á Perlufestina – höggmyndagarð kvenna í Hljómskálagarðinum
- 6. bekk á Kjarvalsstaði
- 8. bekk í Hafnarhús

Allir aldurshópar skólabarna frá leikskóla til háskóla, auk sérskóla og annarra skólahópa eru auðvitað boðið að koma gjaldfrjálst í öll safnahúsin okkar, hvort sem er með leiðsögn frá okkur eða með sínum kennara. Börnin koma ýmist fótgangandi eða í strætó.

Yngri nemendur (leikskóli, yngri deildir grunnskóla og frístundaheimili) borða stundum nesti sem þau koma með sjálf, eða kennarar þeirra – þá oftast í garðinum við Ásmundarsafn á góðviðrisdögum og í gestastofunum okkar – Stofunni í Hafnarhúsi, Hugmyndasmiðjunni á Kjarvalsstöðum og Augnarblikki á Ásmundarsafni. Miðstig og elsta stig grunnskóla og framhaldsskólar koma yfirleitt ekki með nesti – og það er ekki gert ráð fyrir tíma í það í leiðsögnum – en ef óskað er eftir því fyrir eða eftir leiðsögn – er það auðvitað sjálfsagt og hópunum vísað í gestastofurnar og kennari sér alfarið um þá stund.

Um fræðslustarf fyrir grunnskóla: <https://listasafnreykjavikur.is/fraedsla/grunnskolar>

Um fræðslustarf fyrir leikskóla: <https://listasafnreykjavikur.is/fraedsla/leikskolar>

## Möguleikar fyrir mismunandi námsstig 2018-2019

### Leikskólar

Safnfræðsla fyrir leikskólabörn miðast við eldri árganga skólans sem oft eru að koma í fyrsta sinn á safn. Við mælum sérstaklega með heimsókn í Ásmundarsafn sem er áhrifarík bygging með góðu útivistarsvæði í höggmyndagarðinum í kring. Listaverk Ásmundar eru aðgengileg og hafa oft að geyma tilvísanir í hinar ýmsu sögur sem höfða til ungra barna. Verk Kjarvals eru alla jafna aðgengileg á Kjarvalsstöðum og verk Errós í Hafnarhúsinu. Að auki eru ýmsar tímabundnar sýningar í safnhúsunum sem kunna að höfða til leikskólabarna og best að ræða það við starfsfólk safnsins í aðdraganda heimsóknar.

### Grunnskólar

Flestar sýningar Listasafns Reykjavíkur henta grunnskólanemum á öllum aldri sem og nemendum í skipulögðu frístundastarfi. Safnið leggur sérstaka áherslu á 4., 6. og 8. bekk sem er boðið upp á ólík verkefni auk þess sem þeim skólastigum í grunnskólum Reykjavíkur er boðið upp á rútuferðir fram og til baka:

#### Listin að segja sögur – Ásmundarsafn fyrir 4. bekk

Í verkefni um Ásmund Sveinsson velja nemendur sér eitt listaverk, rýna í það, móta sér skoðun og skissa upp það sjónarhorn sem þeim þykir áhugavert. Verkefnið er unnið á staðnum og því er ætlað að varpa ljósi á listamanninn, samtíð hans og viðfangsefni. Listaverk Ásmundar eru oftast en ekki hlaðin frásögn og vísa gjarnan í Íslendingasögur, þjóðsögur og goðafræði en einnig í daglegt líf.

### **Listin að rannsaka – Kjarvalsstaðir fyrir 6. bekk**

Verkefnið veitir innsýn í ævistarf Kjarvals sem var einn af frumkvöðlum íslenskrar málalistar. Nemendur skoða lykilverk eftir listamanninn og vinna verkefni. Sjónum er beint að rannsóknum Kjarvals á birtingarmyndum náttúrunnar í málverkum sínum. Við skoðum hvernig listamaður setur sig í spor rannsakandans og notar niðurstöður sínar í listrænni útfærslu.

### **Listin að gera tilraunir – Hafnarhús fyrir 7. og 8. bekk**

Hvernig fara listamenn að því að víkka út listræn mörk og fá nýjar hugmyndir? Í Hafnarhúsinu er áherslan á samtímamyndlist þar sem listmiðillinn er í stöðugri endurskoðun. Verk listamannsins Errós eru þar til sýnis en hann tileinkaði sér nýjar stefnur og strauma í anda pop-listar. Við hugsum um aðferðir hans við að nota fundnar myndir og setja fram í nýju samhengi.

### **Perlufestin - Hljómskálagarður fyrir alla aldurshópa**

Höggmyndagarðurinn Perlufesti var opnaður þann 19. júní 2014 en hann er til minningar um upphafskonur íslenskrar höggmyndalistar. Hér gefst tækifæri til að njóta útiveru og hugsa m.a. um hlutverk listaverka í opinberu rými, ólík form, stílbrigði eða inntak, sögu jafnréttisbaráttu eða bregða á myndastyttuleik. Fræðslustundir í Perlufesti hefjast 2019 en hjá Listasafni Reykjavíkur verður það ár tileinkað myndlist í opinberu rými.

### **Flökkusýningar**

Grunnskólum Reykjavíkur stendur til boða að fá sérhannaðar fræðslusýningar að láni í skólana. Sýningarnar eru útbúnar í færanlegum einingum sem hægt er að setja upp í kennslustofu eða opnu rými í skólanum. Þeim fylgja verkefni fyrir nemendur. Auk þess er boðið upp á kynningu á sýningunni og verkefnunum fyrir starfsfólk. Flökkusýningar eru sendar í grunnskóla Reykjavíkur að kostnaðarlausu.

### **Sýningarnar sem standa til boða í vetur eru:**

#### **Hvað er svona fyndið?**

Í sýningunni er fjallað um hvernig húmor hefur ólíkar birtingarmyndir. Húmor er margslungið menningarlegt fyrirbæri sem er jafnframt til í öllum samfélögum en ekki er alltaf auðvelt að koma auga á brandarann. Hér mætast snertifletir gamansemi og myndlistar í verkum eftir ýmsa íslenska listamenn úr safneign Listasafns Reykjavíkur. Öll verkin eiga það sameiginlegt að styðjast við einhvers konar húmor en sumir myndu kannski spyrja; hvað er svona fyndið? z

#### **Skyggni ágætt – Sjálfbærni krefst skapandi hugsunar**

Sýningin fjallar um samspil manns og náttúru og er einkum ætluð yngsta- og miðstigi í myndmennt og náttúrufræði. Listaverkin fjalla um náttúruna og mismunandi sýn myndlistamanna á viðfangsefnið. Um er að ræða málverk, ljósmyndir, teikningar og skjáverk sem bjóða upp á marga möguleika í samþættingu myndmenntar og náttúrufræði. Rík áhersla lögð á hugtakið sjálfbærni sem er þýðingarmikið viðfangsefni í samtímanum.

#### **Möguleikar fyrir kennara og leiðbeinendur**

Listasafn Reykjavíkur stendur fyrir fjölda viðburða, fyrirlestra, málþinga og námskeiða í Hafnarhúsi, Ásmundarsafni og á Kjarvalsstöðum. Upplýsingar um viðburði má finna á heimasíðu safnsins undir Viðburðir en við viljum minnst sérstaklega á: °

#### **Listleikni**

er heiti námskeiða þar sem lögð er áhersla á að skoða afmarkað svið myndlistar með ítarlegri hætti en gert er á almennum leiðsögnum safnsins. Þar má nefna m.a. námskeið þar sem farið er dýpra í

ákveðin þemu tengd yfirstandandi sýningum og styttri námskeið tengd hagnýtum þáttum myndlistar, eins og t.a.m. upphengi og viðhaldi á listaverkum.

### Án titils

er heiti kvöldstundar um samtímalist fyrir byrjendur. Safnið býður mánaðarlega upp á léttu leiðsögn um valdar sýningar í Hafnarhúsinu fyrir gesti sem vilja forvitnast um hvað er í gangi í samtímalist. Viðburðirnir eru tilvaldir sem hluti af starfsmannakvöldi eða gleði þar sem fólk með mismikla þekkingu á myndlist er samankomið. Allt sem þú vildir vita um samtímalist en þorðir ekki að spyrja!

## Kjarvalsstaðir og Hafnarhús

### Einskismannsland – Ríkir þar fegurðin ein? 02.6.–30.9.2018

Á sýningunni er sjónum beint að verkum listamanna sem endurspegla tengsl Íslendinga við hálendið og víðerni landsins. Sýnd eru verk helstu listamanna þjóðarinnar allt frá árdögum íslenskrar myndlistar þegar landið og víðerni þess voru táknmyndir frelsis og sjálfstæðis og til verka listamanna samtímans með vísan í hnattræna umræðu um gildi hins ósnortna og nýtingu auðlinda. Sýningin er tvískipt, en á Kjarvalsstöðum fer fram sögulegur hluti hennar. Þar getur að líta málverk eftir frumkvöðla íslenskrar myndlistar sem gefa færi á að skoða ólík stílbrigði listasögunnar og kanna einkennandi náttúrufer hálendisins. Í Hafnarhúsi er tilhneigingin til skrásetningar ríkjandi, þar sem listamennirnir rannsaka, greina, mæla og skoða í senn landið sem slíkt, sögu þess og nýtingu. Hér er vettvangur til að ræða tengsl mannsins við náttúruna, náttúruvernd og eiga umræður um brýn samfélagsmál.

## Kjarvalsstaðir

### Jóhannes S. Kjarval 20.10.2018–05.05.2019

Kjarvalsstaðir eru vettvangur þar sem list Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals hefur verið kynnt með ýmsu móti frá því húsið var opnað árið 1973. Á sýningunni í vetur gefst gott tækifæri til að kynnast mörgum lykilverkum og einkennum listamannsins og fá innsýn í þau meginstef sem voru uppistaðan í lífsverki hans. Hér er kjörið tækifæri til að skoða og þjálf færni í myndlæsi og velta fyrir sér hvernig listamenn skoða heiminn í kringum sig. Sýningin er sérstaklega sett upp með börn, fjölskyldur og skólahópa í huga.

### Haraldur Jónsson – Róf 20.10.2018–27.01.2019

Árlega stendur Listasafn Reykjavíkur fyrir yfirlitssýningu á verkum listamanna sem er á hátindi síns ferils. Meginstef í verkum valinkunnra listamanna eru skoðuð á sýningu og í útgáfu sem spannar nokkra áratugi á ferli viðkomandi. Á sýningunni Róf verða verk frá fjölbreyttum ferli Haraldar Jónssonar. Sýningin er vel til þess fallin að fjalla um skynjun okkar á umhverfinu, samskipti okkar á milli, tungumálið, mannlega tilvist, tengsl hugar og líkama sem og tilfinningalífið á öllu sínu rófi.

### Eyborg Guðmundsdóttir 09.02.–05.05.2019

Vorið 2019 verður yfirlitssýning á verkum Eyborgar Guðmundsdóttur (1924–1977). Hún vann einkum óhlutbundin málverk sem tengja má við geómetrísku strangflatarlist, símynstur og sjónræna skynvillu. Eyborg flutti til Parísar 1959 og stundaði myndlistarnám og fékk tilsögn hjá einum af frumkvöðlum op-listarinnar, Victor Vasarely. Op vísar til orðsins optical en í op-list er gjarnan teflt á tæpastu vað í hæfni okkar til að greina hvað fyrir augu ber. Úr verður sjónrænn leikur þar sem lirit og form takast á flug og myndflöturinn er á iði.

### Útskriftarsýning Listaháskóla Íslands vor 2019

Listasafn Reykjavíkur er í samstarfi við Listaháskóla Íslands um að hýsa útskriftarsýningu tuga nemenda á BA stigi í myndlistardeild og hönnunar- og arkitektúrdeild. Á sýningunni getur að líta

myndlist, grafíska hönnun, arkitektúr, fatahönnun og vöruhönnun. Sýningin er ákaflega vinsæl meðal almennings og einkum hjá ungum krökkum sem renna hýru auga til náms og starfa á listaog hönnunarsviðinu.

**William Morris Sölvi Helgason / Sólon Íslandus Eggert Pétursson velur Kjarval** sumar 2019  
Blóm, mynstur, list og listskreytingar munu taka yfir Kjarvalsstaði þegar sól hækkar á lofti árið 2019. Sýnd verða verk, munir og heimildir sem tengjast William Morris (1834–96). Hann var breskur textílhönnuður og ljóðskáld sem hafði mikil áhrif á handverk og hugmyndaheim eigin samtíma. Verk hans eru enn mjög vinsæll um allan heim. Morris þekkti vel til Íslands og kom hingað í ferðir sem urðu honum innblástur í verkum sínum. Listamaðurinn og heimspekingurinn Sölvi Helgason (1820–95) tók sér mörg listamannsnöfn, m.a. Sólon Íslandus. Hann er þekktur fyrir jurtamystur sín og mannamyndir sem bera sterk höfundareinkenni. Aðstæður hans voru erfiðar, hann flakkaði um á milli bæja og festi hvergi rætur. Hann komst upp á kant við yfirvöld og var um tíma vistaður í fangelsi þótt deila megi um fyrir hvaða sakir, enda líkur á að hann hafi ekki gengið allskostar heill til skógar. Listamaðurinn Eggert Pétursson hefur rannsakað arfleifð Kjarvals sem hefur leynt og ljóst haft áhrif á hans eigin listsköpun. Það verður forvitnilegt að sjá hvaða verk Eggert dregur fram og hvaða áherslur hann leggur í þessari viðamiklu sýningu.

## Barnamenningarhátíð í Reykjavík

- Barnamenningarhátíð er haldin í Reykjavík í apríl ár hvert. Öllum börnum í 4. bekkjum grunnskóla í Reykjavík er boðið í rútu á opunarviðburð hátíðarinnar í Eldborgarsal Hörpu.
- Um 40.000 manns heimsækja viðburði hátíðarinnar ár hvert, ýmist á skólatíma eða frítíma skólanna og þá með fjölskyldum eða á unglingsviðburði.
- Leiðarljós hátíðarinnar eru gæði, margbreytileiki, jafnræði og gott aðgengi að menningu barna, með börnum og fyrir börn.
- Vettvangur hátíðarinnar er borgin öll og fara fjölbreyttir viðburðir fram í grunnskólum, leikskólum, frístundamiðstöðvum og listaskólum. Jafnframt er boðið upp á dagskrá í Ráðhúsi Reykjavíkur, Hörpu og lista- og menningarstofnunum borgarinnar.
- Þátttökuhátíðin rúmar allar listgreinar sem börn og fullorðnir geta notið sér að kostnaðarlausu.
- Barnamenningarhátíð í Reykjavík er ein af megin þátttökuhátíðum borgarinnar.
- [www.barnamenningarhatid.is](http://www.barnamenningarhatid.is)

## Skrekkur

Skrekkur er stærsti unglingsviðburður ársins hjá Reykjavíkurborg. Yfir 600 unglingar taka þátt í sviðsetningu atriða í Skrekk á ári hverju. Tæplega 2000 unglingar eru áhorfendur í Borgarleikhúsinu. Með þátttöku í Skrekk er unglingum boðið upp á frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi. Sköpun, félagsleg virkni og frjáls leikur hefur afþreyingargildi en hefur að sama skapi bæði forvarnar- og menntunargildi.

<https://reykjavik.is/skrekkur>

**Stofnanir sem eru með með samstarfssamninga við Reykjavíkurborg og bjóða upp á fræðsludagskrá fyrir börn og unglinga**

## Borgarleikhúsið

Á ári hverju er öllum elstu börnum í leikskóla í Reykjavík, 5. bekkjum og 10. bekkjum boðið á sýningu í Borgarleikhúsinu. Það er nánast 100% barna í þessum árgöngum í Reykjavík sem fara á þessar sýningar. <https://www.borgarleikhus.is/starfsemi/fraedsluideild/>

### Leikskólasýning ársins

Öllum elstu börnum í leikskólum Reykjavíkur verður boðið að kynna leikhúsinu og töfrum þess með bráðfjörugri sýningu sem er samin sérstaklega fyrir þau undir yfirskriftinni Leikskólasýning ársins. Undanfarin fimm ár hefur fræðsluideild Borgarleikhússins sett saman stutta sýningu sem sýnir börnum töfraveröld leiklistarinnar og kynnir fyrir þeim óendanlega möguleika leikhússins.

## Grunnskólanemendur skoða leikhúsið

Undanfarin fimm leikár hefur Borgarleikhúsið boðið öllum nemendum 5. bekkjar í grunnskólum Reykjavíkur að verja skemmtilegum morgni í Borgarleikhúsinu, þar sem tækifæri gefst til að skoða leikhúsið og sjá leiksýningu. Sú sýning sem boðið verður upp á í ár er Hamlet litli, en hún var samin sérstaklega fyrir þetta tilefni og hlaut Grímuverðlaunin sem barnasýning ársins 2014.

**Öllum nemendum í 10. bekk grunnskóla Reykjavíkur boðið á sýninguna Allt sem er frábært,** einleikur sem hefur gefið tugþúsundum áhorfenda um allan heim nýja sýn á lífið og tilveruna. Valur Freyr Einarsson stendur einn á sviðinu í hlutverki manns sem gerir atlögu að depurðinni og lífsleiðanum. Hann segir hrífandi sögu af ást, sorg og ís með dýfu. Við erum afar stolt af þessari sýningu og teljum hana mjög við hæfi fyrir ungt fólk á þessum aldri sem oft á tíðum glímur við depurð, sorg og aðra erfiðleika í lífinu. Listi yfir allt sem er frábært: 1. Ís með dýfu.

## Bíó Paradís

Í boði er kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglunga á þriðjudögum og fimmtudögum á haustönn 2019. Sýningar eru ýmist klukkan 10:00 eða klukkan 13:00. Elstu hópum leikskóla er boðin þátttaka, ráði hópurinn við það að mati umsjónaraðila. Um er að ræða þrjár myndir sem gætu hentað, sjá dagskrá.

Tilgangurinn með sýningunum er alhliða kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglunga í grunnskólum til að kynna fyrir þeim kvikmyndir sem hafa alþjóðlega gæðastimpla, hafa skapað sér sess innan kvikmyndasögunnar og eru frá ýmsum þjóðlöndum. Við leggjum metnað okkar í að hafa úrvalið sem fjölbreyttast og sýnum klippur fyrir myndir til að útskýra kvikmyndatöku, tæknibrellur, vísanir í kvikmyndasöguna, greiningu á sviðsmynd og leik.

<https://bioparadis.is/wp-content/uploads/2019/09/GRUNNSKOLASYNINGAR-HAUSTID-2019-complete.pdf>

## Sinfóníuhljómsveit Íslands

Ár hvert hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands boðið upp á ríkulega fræðsludagskrá. Hljómsveitin hefur lagt mikla áherslu á skólatónleika með fjölbreyttri dagskrá fyrir ólíka aldurshópa. Vegna tónleikaferða hljómsveitarinnar í ár er sveitinni ekki unnt að leika á jafn mörgum skólatónleikum og undanfarin ár en mun að ári bjóða upp á fjölda fjölbreyttra tónleika fyrir nemendur á öllum aldri.

<https://www.sinfonia.is/raedslustarf/skolatonleikar/>